

# Umbreyting félagsins hafin

## Uppgjör annars ársfjórðungs

Helstu lykiltölur 2F	2023	2022	Helstu lykiltölur 6M	2023	2022
Hagnaður	843 m.kr.	476 m.kr.	Hagnaður	1.072 m.kr.	549 m.kr.
Afkoma af vátryggingasamningum	183 m.kr.	460 m.kr.	Afkoma af vátryggingasamningum	-460 m.kr.	450 m.kr.
Afkoma af fjárfestingum	1.195 m.kr.	295 m.kr.	Afkoma af fjárfestingum	2.254 m.kr.	501 m.kr.
Samsett hlutfall	97,2%	92,4%	Samsett hlutfall	103,6%	96,2%
Ávöxtun fjáreigna	3,0%	1,1%	Ávöxtun fjáreigna	5,7%	1,9%

### Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri VIS:

„Þetta var tíðindamikill fjórðungur í starfsemi félagsins. Hluthafar VIS samþykktu kaupin á Fossum fjárfestingarbanka með afgerandi hætti og SÍV eignastýring hlaut starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem þýðir að umbreyting félagsins í fyrirtæki á fjármálamaðraði er hafin. Sala Kerecis til Coloplast voru stórtiðindi en VIS er hluthafi í þessu farsæla nýsköpunarfyrirtæki. Hagnaður fjórðungsins nam 843 milljónum og samsett hlutfall var 97,2%.

### Tækifæri í sameiningu

Nú liggur fyrir að VIS verður fyrirtæki á fjármálamaðraði með víðtækar starfshilmildir og öfluga innviði fyrir framúrskarandi fjármálapjónustu. Þetta er því mikil breyting á starfsemi félagsins. Margt hefur áunnist frá því stjórn kynnti áform sín um útvíkkun á starfsemi félagsins á aðalfundi VIS fyrir tveimur árum. Hluthafar hafa nú samþykkt vegferð félagsins og búið er að leggja grunninn að nýrr samstæðu. Kaupin á Fossum fjárfestingarbanka voru háð fyrirvorum sem nú hefur öllum verið aflétt fyrir utan samþykki Fjármálaeftirlitsins. Sameiningin býður upp á spennandi tækifæri til vaxtar á trygginga- og fjármálamaðraði.

### Góður liðsstyrkur

Við sögðum frá því nýlega að Brynjar Þór Hreinsson hefur verið ráðinn fjármálastjóri sameinaðs félags VIS og Fossa. Brynjar Þór mun bera ábyrgð á fjármálum samstæðu ásamt því að taka virkan þátt í viðskiptaþróun sameinaðs félags. Þá hefur Birgir Orn Arnarson verið ráðinn til þess að stýra áhættustýringu hjá VIS og mun taka þátt í að móta hvernig áhættustýringu verður háttá hjá hinu sameinaða félagi. Ég fagna þessum góða liðsstyrk og hlakka virkilega til samstarfsins.

### Áframhaldandi viðsnuningur í sölu

Undanfarin misseri höfum við blásið til sóknar og umbreytt fyrirkomulagi sölu hjá félaginu, en við höfum til dæmis alfarið hætt utanaðkomandi söluverktöku. Við erum að efla starfsemi okkar og þjónustu og höfum ráðið þjónustustjóra fyrir skrifstofur okkar á landsbyggðinni, sem ég hef mikla trú á að muni koma sterkir inn. Aukin sala hefur verið í líf- og sjúkdómatryggingum, sú mesta síðustu fimm ár. Salan heldur því áfram að aukast, bæði til einstaklinga og fyrirtækja, og er í takt við markmið okkar. Ég er ánægð með þær breytingar sem hafa átt sér stað hjá félaginu því þær gefa góð fyrirheit um framhaldið.

### Næsta skref í sókn félagsins

Svo er gaman að segja frá því að við erum á lokametruminum í þróun á nýju sjálfvirku söluferli trygginga, sem er næsta skref í sókn félagsins. Sjálfvirka söluferlið býður upp á sameiginlegt viðmót hjá starfsfólki og viðskiptavinum, sem gerir sölu trygginganna skilvirkari og kaupin auðveldari. Þetta er þægilegt og aðgengilegt – og einfalt að raða fjölbreyttum tryggingum í körfuna, líkt og við þekkjum hjá vefverslunum. Ég hlakka til að kynna þetta nánar.



## Aukin umsvif í samféluginu

Við sjáum skýrmerki um aukin umsvif í samféluginu með aukinni tjónatíðni. Mörg ökutækjatjón voru skráð í fjórðungnum sem og ferðatengd tjón, en það er í samræmi við aukna umferð og aukinn fjölda ferðamanna. Eitt stórtjón var í fjórðungnum, sem er tjón yfir 100 milljónir, og telur 1,6% af tjónahlutfalli tímabilsins.

## Sala Kerecis stórtíðindi

Eignamarkaðir voru almennt þungir í fjórðungnum, en sala Kerecis til danska fyrirtækisins Coloplast voru stórtíðindi. Vænt söluvirði hlutar VIS í Kerecis nemur um 2,8 milljörðum en upphaflega fjárfestingin í Kerecis nam um 245 milljónum. Fjárfestingartekjur í fjórðungnum námu rúmlega 1,3 milljörðum sem gerir 3,0% nafnávöxtun. Fjárfestingartekjur það sem af er ári eru um 2,5 milljarðar eða 5,7% nafnávöxtun.

## Fyrstu sjóðir SIV eignastýringar stofnaðir

SIV eignastýring, dótturfélag VIS, sem stofnað var á haustmánuðum 2022, hefur nú hlotið starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Stýring fjárfestingareigna VIS hefur nú alfarið færst til félagsins. SIV eignastýring mun bjóða upp á sjóði fyrir almenning og fagfjárfesta – og hafa nú fyrstu sjóðirnir verið stofnaðir. Einnig verður boðið upp á stýringu á eignasafni viðskiptavina. Þetta eru spennandi sjóðir og nánari upplýsingar má finna á [siveignastyring.is](#)

## VIS er fyrirmynndarfyrirtæki í fimmta sinn

Við erum stolt af því að VIS er eitt af fyrirmynndarfyrirtækjum VR ársins 2023. Fimmtán efstu sætin í hverjum stærðarflokki fá viðurkenninguna fyrirmynndarfyrirtæki og er VIS eitt þeirra. Þetta er í fimmtra skiptið sem VIS hlýtur þessa eftirsóttu nafnbót.

## Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn föstudaginn 11. ágúst, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri, mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast má upptöku af honum á fjárfestasíðu félagsins. Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni fundarins.

## Fjárhagsdagatal

Þriðji ársfjórðungur 2023 || 19. október 2023

Ársuppgjör 2023 || 14. febrúar 2024

Aðalfundur 2024 || 14. mars 2024

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VIS, í síma 660-5260 eða með netfanginu [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is)



## Rekstrarreikningur

	2F 2023	2F 2022	Br.	Br. %	6M 2023	6M 2022	Br.	Br. %
Tekjur af vátryggingasamningum	6.501	6.035	466	8%	12.678	11.815	864	7%
Kostnaður af vátryggingasamningum	-6.148	-5.462	-686	13%	-12.788	-11.105	-1.682	15%
- Tjón tímabilsins	-4.661	-4.102	-559	14%	-9.816	-8.335	-1.482	18%
- Rekstrarkostnaður vátryggingasamninga	-1.487	-1.360	-127	9%	-2.971	-2.771	-200	7%
Afkoma af endurtryggingasamningum	-170	-113	-56	50%	-351	-259	-92	35%
Afkoma af vátryggingasamningum	183	460	-277	-60%	-460	450	-910	-202%
Aðrar fjárfestingartekjur	-64	112	-175		266	163	102	
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna	1.385	250	1.134		2.212	474	1.739	
Rekstrarkostnaður fjárfestinga	-126	-67	-59		-224	-136	-88	
Afkoma fjárfestinga	1.195	295	900		2.254	501	1.753	
Fjármagnsliðir vátrygginga	-405	-118	-287		-453	-160	-293	
Afkoma fjármagnsliða	790	177	613		1.801	340	1.460	
Aðrar tekjur	45	11	34		41	26	15	
Annar kostnaður	-64	-2	-62		-70	-15	-54	
Aðrir fjármagnsliðir	-131	-141	10		-277	-254	-23	
Hagnaður fyrir skatta	823	505	319		1.035	547	488	
Tekjuskattur	20	-29	48		37	2	35	
Hagnaður tímabilsins	843	476	367		1.072	549	523	
Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtrygginga	74,3%	69,8%			80,2%	72,7%		
Kostnaðarhlutfall vátryggingasamninga	22,9%	22,5%			23,4%	23,5%		
Samsett hlutfall	97,2%	92,4%			103,6%	96,2%		
Ávöxtun fjáreigna	3,0%	1,1%			5,7%	1,9%		
Arðsemi eigin fjár	5,1%	2,8%			6,3%	3,0%		
Hagnaður á hlut	0,50	0,27			0,63	0,31		



## Efnahagsreikningur

	30.06.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>		
Rekstrarfjármunir	289	346
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.351	1.415
Húsaleiguréttindi	570	616
Fjárfestingareignir	43.504	41.854
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.110	1.154
Endurtryggingaeignir	1.369	1.138
Aðrar kröfur	1.736	1.250
Handbært fé	1.490	2.381
<b>Eignir samtals</b>	<b>51.418</b>	<b>50.154</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hlutafé	1.696	1.716
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	4.692	6.672
Óráðstafað eigið fé	10.054	8.266
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>	<b>17.068</b>	<b>17.279</b>
Hlutdeild minnihluta	44	46
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>17.111</b>	<b>17.325</b>
<b>Skuldir</b>		
Víkjandi skuldabréf	3.495	3.320
Tekjuskattsskuldbinding	79	116
Húsaleiguskuldbinding	618	664
Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar	3.285	2.207
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	23.274	22.881
Liftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.110	1.154
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.447	2.487
<b>Skuldir samtals</b>	<b>34.307</b>	<b>32.830</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>51.418</b>	<b>50.154</b>